

Matvælaráðuneytið
Skrifstofa matvæla
Skúlagötu 4
101 Reykjavík

Sent rafrænt á Samráðsgátt og idunn.gudjonsdottir@mar.is

Reykjavík, 21. júlí 2022

Breyting á reglugerð um hvalveiðar – Mál nr. 118/2022¹

Inngangur

1. Hvalur hf., kt. 650169-6549, Miðsandi, 301 Akranesi („Hvalur“) vísar til ofangreinds málefnis, þar sem lögð er fram eftirfarandi tillaga um breytingu á *reglugerð nr. 163/1973, um hvalveiðar*:

1. gr.

Við reglugerðina bætist ákvæði til bráðabirgða svohljóðandi:

Skipstjórar hvalveiðiskipa skulu tilnefna dýravelferðarfulltrúa úr áhöfn fyrir hvert skip og skal hann bera ábyrgð á því að rétt sé staðið að velferð hvala við veiðarnar. Dýravelferðarfulltrúi skal ekki vera sá sami og beitir skutli.

Dýravelferðarfulltrúar skulu sækja námskeið sem samþykkt skal vera af Matvælastofnun. Slíkt námskeið skal að lágmarki vera fræðsla um virkni sprengiskutuls, beitingu hans og beitingu skotvopna.

Velferðarfulltrúi skal halda skrá yfir allar aðgerðir er varða veiðarnar, mynda þær á myndband og skrá þær niður. Öllum gögnum sem velferðarfulltrúi áhafnar hvalveiðiskips safnar saman skal komið til eftirlitsdýralæknis eftir hverja veiðiferð.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 21. gr. laga nr. 55/2013, um velferð dýra.

2. Í 21. gr. laga nr. 55/2013 um velferð dýra, sem reglugerðin er sögð sett með stoð í, segir:

Dýr skulu aflífuð með skjótum og sársaukalausum hætti og eftir því sem unnt er án þess að önnur dýr verði þess vör. Forðast skal að valda dýrum óþarfa þjáningum eða hræðslu.

¹ Áherslubreytingar í skjali þessu eru Hvals.

Dýr í umsjón manna skulu svipt meðvitund fyrir aflifun nema þegar aflifunin veldur meðvitundarleysi umsvifalaust. Að lokinni aflifun skal gengið úr skugga um að dýr sé dauft. Óheimilt er að aflífa dýr með því að drekkja þeim nema um sé að ræða gildruveiði minka sem hluta af skipulögðum aðgerðum til að halda minkastofninum í skefjum sem heimil er samkvæmt ákvæðum laga um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum. Slík gildruveiði er þó aðeins heimil að hún hafi verið tilkynnt Umhverfisstofnun. Einnig er óheimilt að aflífa dýr með útblæstri véla, nema við aflifun loðdýra ef um er að ræða vélar sem eru sérstaklega hannaðar og framleiddar til aflifunar loðdýra og notkun vélar hefur verið samþykkt af Matvælastofnun.

Dýr skulu ávallt svipt meðvitund áður en blóðtæming fer fram og skal meðvitundarleysið a.m.k. vara frá upphafi blóðtæmingar og til dauða. Eingöngu er heimilt að nota útbúnað til sviptingar meðvitundar og/eða til aflifunar sem hæfir viðkomandi dýrategund og skal þess gætt að hann sé rétt notaður og honum vel við haldið.

Við aflifun í neyðartilvikum, sbr. 7. gr., skal uppfylla ákvæði 1. og 2. mgr. eins og kostur er.

Aflifun dýra er ekki heimil sem skemmtiatriði eða keppni.

Ráðherra skal setja í reglugerð nánari ákvæði um hverjir megi aflífa dýr, hvernig staðið skuli að aflifun og bann við tilteknum aðferðum við aflifun.

3. Í athugasemdum í greinargerð með frumvarpi til laganna segir meðal annars að með greininni sé lagt til að öll dýr eigi rétt á því að vera aflífuð með skjótum og sársaukalausum hætti og að „[á]kvæði greinarinnar er m.a. ætlað sem stoð fyrir ítarlegri reglugerð sem ráðherra er ætlað að setja um allt sem varðar velferð dýra við aflifun dýra“.
4. Á samráðsgáttinni er ekki að finna neinn *efnislegan rökstuðning* að baki fyrirleggjandi tillögu, svo sem æskilegt hefði verið. Á hinn bóginn hefur matvælaráðherra í viðtali við Ríkisútvarpið tjáð sig um tillöguna hvar ráðherra, sem titlaði sig sem „hvalamálaráðherra“, sagði meðal annars:²

„Þetta eru stærstu dýr jarðarinnar og stærstu dýr raunar sem hafa verið til á jörðinni nokkru sinni og eru með mjög þróað taugakerfi og geta fundið til og geta þjáðst. Þess vegna er mjög mikilvægt að aflifun þeirra sé með sambærilegum hætti og annarra dýra sem geta þjáðst. Við megum ekki samkvæmt lögum gera aðrar kröfur til aflifunar á þeim en á hinum. Þess vegna hyggst ég gera tvennt og nú þarf ég ekki lagabreytingu. Nú þarf ég ekki að fara í gegnum þingið og allt sem því fylgir.

Þannig að í dag birtist í samráðsgátt stjórnvalda breyting á reglugerð um hvalveiðar þar sem ég er að leggja til þá skyldu að einn úr áhöfn hvalveiðiskips verði tilnefndur dýravelferðarfulltrúi og að sá sæki námskeið sem Matvælastofnun samþykkir um velferð hvala og hvaða atriði þurfi að hafa í huga þegar þeir eru aflífaðir. Honum beri að taka upp á myndband allt ferlið frá því veiðin hefst þangað til hvalurinn er kominn upp úr bátinum. Þessum myndböndum verði síðan skilað til eftirlitsdýralækna MAST. Þannig fáum við betri yfirsýn yfir það hvernig þetta gengur fyrir sig og hvort lög um dýravelferð séu uppfyllt.

² Sjá meðfylgjandi frétt frá 7. júlí 2022 á ruv.is. Sjá einnig meðfylgjandi grein matvælaráðherra á visir.is sama dag.

...

Til þess að framleiða allt þetta kjöt sem við neytum þarf að aflífa hundruð þúsunda dýra á ári hverju. Við segjum sem samfélag að það sé réttlæt看legt því ævi dýranna sé á einhvern hátt þess virði, að því sé lifað og dauðinn sé skjótur og sársaukalaus. En við vitum ekki hvernig þetta er í hvalveiðum. Það er einfaldlega þannig. Það er um sömu dýravelferðarlög sem þar gilda en við höfum ekki sinnt því sem skyldi að tryggja það eftirlit sem þarf til að sannfæra okkur um að svo sé. Svo verður það að koma í ljós.

Ég hef ekki farið með sérstaka tillögu inn í ríkisstjórn um þau mál enda er þetta reglugerðarákvörðun sem er þá bara á mínu borði sem hvalamálaráðherra ef svo má segja. Þannig að þetta er ekki frumvarp eða tillaga til þess að leggja fram stjórnarfrumvarp. Í ljósi þess hve stórt málið er og pólitískt þá held ég að það sé einboðið að á einhverjum tímapunkti verði farið yfir það í ríkisstjórn þegar allar forsendur liggja fyrir, m.a. þessar dýravelferðarforsendur, efnahagslegar forsendur eins og ég er að kalla eftir, áhrif á aðrar atvinnugreinar eins og ferðahjónustu, o.s.frv.“

Lögmætisreglan

5. Hvalur telur óhjákvæmilegt að benda á, meðal annars í ljósi fyrrgreindra ummæla ráðherra matvæla, að samkvæmt lögmætisreglunni skulu ákvarðanir stjórnvalda almennt eiga sér heimild í lögum, þ.e. Alþingi verður að hafa veitt stjórnvöldum heimild með lögum til þess að taka ákvarðanir. Í kjarna þessarar reglu felst að stjórnvöld geta almennt ekki íþyngt borgurunum með ákvörðunum sínum nema hafa til þess viðhlítandi heimild í lögum. Þetta gildir um stjórnvaldsákvarðanir og almenn stjórnvaldsfyrirmæli, svo sem reglugerðir. Í ritinu *Starfsskilyrði stjórnvalda* segir um þessa reglu (bls. 18):

Það er einkenni lýðræðisríkja og meginregla að íslenskum rétti að einstaklingar búi við athafnafrelsi. Að megistefnu til eru það einvörðungu hinir lýðræðislega kjörnu fulltrúar þjóðarinnar á Alþingi sem öðlast með kjöri sínu vald til þess að setja athafnafrelsi borgaranna skörður með lögum, þó innan þess ramma er stjórnarskrá setur. Stjórnvöld verða á hinn bóginn almennt að sækja valdheimildir sínar í þau lög sem þingið setur og geta almennt ekki upp á sitt eindæmi íþyngt borgurunum án atbeina Alþingis. Til einföldunar má því orða áhrif þessarar meginreglu svo að borgararnir megi gera hvaðeina sem ekki er bannað í lögum, en stjórnvöld geti einvörðungu íþyngt borgurunum með ákvörðunum sínum ef þau hafa til þess sérstaka heimild í lögum.

6. Í sama riti segir (bls. 19):

Eins og áður segir verður íþyngjandi stjórnvaldsákvörðun að byggjast á sérstakri lagaheimild. Þegar á milli lagaheimildar og ákvörðunar er „skotið“ reglugerð verður í raun að fara fram tvöföld könnun á heimild ákvörðunar. Þannig verður stjórnvaldsákvörðunin að eiga sér næga stoð í þeirri reglugerð sem hún er byggð á, en reglugerðin verður síðan að eiga sér næga stoð í lögum um

Það atriði sem ákvörðunin lýtur að. Þegar viðeigandi lagaákvæði, sem efnið snertir, er á annað borð til að dreifa ræðst það af lögskýringu hvort það hafi að geyma næga valdheimild til töku tiltekinnar ákvörðunar. Við þá lögskýringu er almennt á því byggt að þeim mun tilfinnanlegri eða meira íþyngjandi sem stjórnvaldsákvörðun er þeim mun strangari kröfur verði að gera til skýrleika þeirrar lagaheimildar sem ákvörðunin er byggð á. Samkvæmt því eru gerðar breytilegar kröfur til lagaheimilda eftir efni ákvörðunar. Við mat á því hvort ákvörðun er talin íþyngjandi er bæði litið til þess hvaða réttindi eru skert svo og hvers eðlis skerðingin er. Stundum eru gerðar ríkar kröfur til skýrleika lagaheimilda. Almenn er tilhneiging til þess að áskilja skýra lagaheimild til að skerða þau réttindi manna sem um er fjallað í VII. kafla stjórnarskrárinnar, svo sem frelsi, friðhelgi heimilis og fjölskyldu, eignarrétt o.fl. Hið sama gildir um ákvarðanir stjórnvalda er leggja skatta, þjónustugjöld og aðrar fjárhagslegar skyldur á menn.

7. Í dómi Hæstaréttar frá 18. desember 1998 í máli nr. 312/1998, sem birtist í dómasafni réttarins það ár á bls. 4552, reyndi á lögmati ákvörðunar umhverfisráðherra um að flytja Landmælingar Íslands frá Reykjavík til Akraness. Niðurstaða Hæstaréttar var sú að ákvörðunin hefði verið ólögmet þar sem skýr lagaheimild hefði ekki verið fyrir hendi:

Grundvöllur er lagður að starfi stjórnvalda með réttarreglum. Stjórnarframkvæmdin er lögbundin. Löggjöfin er því undirstaða stjórnsýslunnar. Í lögum um stjórnarframkvæmdir og reglum, settum með heimild í þeim, eiga að koma fram helstu atriði, sem gilda um hvert svið þeirra fyrir sig. Það fer eftir mikilvægi þáttar í stjórnarframkvæmdinni, hvernig honum er skipað. Ráðherrar fara síðan með það vald, sem löggjöfin veitir þeim, á þann hátt, sem fyrir er mælt í lögum eða ræðst af meginreglum laga og eðlilegum stjórnarháttum. Þótt ekki njóti almennra lagafyrirmæla um stjórnarframkvæmd, leiðir það ekki af því einu, að ráðherra hafi óheft vald til framkvæmda þar um án atbeina löggjafans. Hlýtur það að fara eftir eðli framkvæmdar, hvort ráðherra þurfi að afla sér lagaheimildar til hennar.

Túlkun reglugerðarheimilda

8. Um túlkun og skýringu reglugerðarheimilda má vísa til ritgerðar Dr. Páls Hreinssonar, *Lagaheimild reglugerða*, Tímarit lögfræðinga, 2. hefti 2015, hvar segir meðal annars:

Þegar um lagaheimild er að ræða sem veitir ráðherra heimild til þess að setja íþyngjandi háttarnisreglur í reglugerð verður almennt að ganga út frá því að lagaheimild hafi ekki aðra merkingu en leiðir af textaskýringu hennar og samræmisskýringu við önnur ákvæði laganna sem gilda um það efni sem reglugerðin á að fjalla um. (bls. 150)

Því hefur verið haldið fram með skynsamlegum rökum að þeim mun almennari og óljósari sem lagaheimild reglugerðar er, því takmarkaðri valdheimildir hafi ráðherra til að setja íþyngjandi háttarnisreglur í reglugerð. (bls. 152)

Af lögmætisreglunni leiðir að þegar skynsamlegur vafi leikur á hvort ráðherra hafi haft viðhlítandi lagaheimild til þess að setja íþyngjandi háttarnisreglur í reglugerð ber að skýra þann vafa borgurunum í hag. (bls. 152)

9. Hér má einnig í dæmaskyni vísa til bréfs UA 2. október 2015 (Seðlabanki Íslands):

Við mat á því hvort stjórnvöld hafa fylgt lögætisreglunni verður einnig að hafa í huga að efni hennar er afstætt að því leyti að þær kröfur sem gerðar eru hverju sinni til skýrleika þeirra lagaheimilda, sem ákvarðanir og athafnir stjórnvalda eru reistar á, taka nokkurt mið af því hvort og þá hvaða þýðingu ákvarðanir stjórnvalda hafa fyrir líf og hagsmuni þeirra einstaklinga og lögaðila sem þær beinast að. Ef um íþyngjandi ákvarðanir stjórnvalda er að ræða eru gerðar þeim mun ríkari kröfur til þess að lagagrundvöllur slíkra ákvarðana sé skýr og ótvíræður. Þetta á ekki síst við þegar reynir á stjórnarskrárvernduð mannréttindi.

Á tillagan sér lagastoð?

10. Hvalur telur ljóst, meðal annars að virtri lögætisreglu íslensks réttar og framangreindum sjónarmiðum um túlkun og skýringu reglugerðarheimilda, að skortur er á viðhlítandi lagaheimild til þeirrar breytingar sem ráðherra leggur til. Ráðherra sé ekki í þeirri stöðu að þurfa „ekki að fara í gegnum þingið og allt sem því fylgir“.
11. Í fyrrnefndri 6. mgr. 21. gr. laga nr. 55/2013, þ.e. „reglugerðarheimildinni“, er mælt fyrir um að ráðherra geti sett reglugerð um „hverjir megi aflífa dýr, hvernig staðið skuli að aflífun og bann við tilteknum aðferðum við aflífun“.
12. Áskilnaður um að skipstjórar hvalveiðiskipa skulu tilnefna dýravelferðarfulltrúa úr áhöfn fyrir hvert skip sem skal bera ábyrgð á því að rétt sé staðið að velferð hvala við veiðarnar, hann skuli sækja „námskeið sem samþykkt skal vera af Matvælastofnun“ og að velferðarfulltrúi „skal halda skrá yfir allar aðgerðir er varða veiðarnar, mynda þær á myndband og skrá þær niður“ og þeim „komið til eftirlitsdýralæknis eftir hverja veiðiferð“, rúmast ekki innan heimildar til setningar reglugerðar um (i) hverjir megi aflífa dýr, (ii) hvernig staðið skuli að aflífun³ og (iii) banni við tilteknum aðferðum við aflífun.
13. Í þessu sambandi er þess einnig að gæta, að umþrættur áskilnaður, fyrir utan hversu óskýr og óræður hann er, er í eðli sínu verulega íþyngjandi og raunar fordæmalaus. Því, sem endranær, gilda fyrrnefnd lögskýringarsjónarmið fullum fetum, þ.á m. um skýran og ótvíræðan lagagrundvöll fyrir setningu íþyngjandi reglugerðarákvæða. Svo háttar ekki til hér.
14. Einnig skal bent á að umræddur áskilnaður samrýmist ekki gildandi leyfi Hvals til veiða á langreyði árin 2019-2023, settu með stoð í 1. gr. laga nr. 26/1949 um hvalveiðar, þar sem nánar tiltekin skilyrði eru sett, þ. á m. um aflífun. Verður ekki séð að ráðherra geti hróflað

³ Í 21. gr. laganna er að finna megin fyrirmæli löggjafans um hvernig staðið skuli að aflífun.

við skilyrðum þegar útgefins leyfis, sbr. einnig hér til hliðsjónar viðtekin sjónarmið íslensks réttar um *bann við afturvirkni laga*.

15. Til viðbótar framangreindu, og ekki síður, má einnig benda á, að samkvæmt 2. gr. laga nr. 55/2013 taka þau „ekki til hefðbundinna veiða“. Þær veiðar sem Hvalur stundar eru hefðbundnar hvalveiðar sem stundaðar hafa verið við Íslandsstrendur í um 70 ár af hálfu Hvals (með hléum).
16. Að lokum er þess einnig að gæta, að með fyrirhugaðri reglugerðarbreytingu hvar starfsmönnum Hvals er ætlað að verða „velferðarfulltrúar“, er gengið inn á lögbundið eftirlitshlutverk hins opinbera, hvorutveggja samkvæmt lögum nr. 55/2013 og nr. 26/1949 og reglugerðum settum með stoð í þeim, en fyrir þessu skortir einnig viðhlítandi stoð.

Meðalhóf, o.fl.

17. Án tillits til framangreinds leyfir Hvalur sér einnig að benda á, vegna þess *eftirlitsþáttar* með hvalveiðum sem býr að baki umræddri tillögu að virðist, að af *meðalhófsreglu stjórnsýslu- og stjórnskipunarréttar* leiðir að stjórnvaldi er ekki aðeins skylt að líta til þess markmiðs sem starf þess stefnir að heldur ber því einnig að taka tillit til hagsmuna og réttinda þeirra aðila sem athafnir stjórnvaldsins og valdbeiting beinist að. Ber stjórnvaldi að fara ákveðinn *meðalveg* á milli þessara andstæðu sjónarmiða. Þegar vægasta úrræðið, sem að gagni getur komið, hefur verið valið verður að hafa í huga að hóf verður að vera í beitingu þess, miðað við þá hagsmuni sem í húfi eru, og ekki má ganga lengra en nauðsyn ber til.
18. Hvalur telur heldur vandséð, vægt til orða tekið, að umþrættar reglugerðarbreytingar rúmist innan meðalhófsreglunnar eins og hún hefur verið skýrð og túlkuð í réttar- og stjórnsýslufráttum. Með öðrum orðum, að ekki sé unnt að leggja mat á hvort aflífun hvala rúmist innan marka laga nr. 55/2013 með *öðru og vægara móti* en því sem reglugerðin ráðgerir.
19. Hvalur bendir einnig í þessu samhengi á, að því fer fjarri að engar upplýsingar liggi fyrir um aflífun hvala. Hefur Hvalur í samvinnu við sérfræðinga á þessu sviði tekið þátt í ítarlegum rannsóknum. Það hefur því ekki staðið, og stendur ekki, upp á Hval að unnar séu vísindalegar rannsóknir í þessu skyni. Hér má og t.d. nefna að á heimasíðu Fiskistofu má finna skýrslu Dr. Egil Ole Øen, *Killing efficiency in the Icelandic fin whale hunt 2014, Report to the Directorate of Fisheries in Iceland, February 19, 2015*,⁴ sem unnin var að beiðni

⁴ https://www.fiskistofa.is/media/utgefid_efni/Oen2015_finwhale_TTDreport_final.pdf. Sjá hér einnig NAMMCO Report of the Expert Group Meeting on Assessing Time to Death Data from the Large Whale Hunts, aðgengileg á

Fiskistofu og hvers umfjöllun styður ekki að sérstakur misbrestur sé hér á með tilliti til gildandi laga og reglna og leyfis Hvals til veiða á langreyði.

20. Í framangreindu samhengi skal einnig bent á að í 6. gr. áðurnefnds leyfis Hvals til veiða á langreyði er sérstaklega tekið fram að „eftirlitsaðilum Fiskistofu og NAMMCO sé heimilt að fara í veiðiferðir með veiðiskipum Hvals hf. og fara um borð til athugunar á farmi, veiðarfærum og dagbók“. Hefur þetta úrræði verið virkt í framkvæmd.

Samantekt

21. Samkvæmt öllu framangreindu telur Hvalur fyrirbyggjandi breytingatillögu *án lagastoðar*.
22. Hvalur fer þess enn fremur á leit við ráðuneyti matvæla að ráðuneytið veiti Hval aðgang að öllum fyrirbyggjandi gögnum sem varða fyrirbyggjandi tillögu, þ.á m. varðandi lagagrundvöll breytingatillögunnar, og í samræmi við það sem upplýsingalög nr. 140/2012 bjóða.
23. Allur frekari réttur er áskilinn.

Virðingarfyllst,
f.h. Hvals hf.



Stefán A. Svensson lögmaður (hrl.)

Meðfylgjandi:

Frétt af ruv.is 7. júlí 2022.

Frétt af visi.is 7. júlí 2022.

Dýravelferðarfulltrúi verður að vera í hvalveiðiskipum

© 07.07.2022 - 09:00



Mynd: Kristján Þór Ingvarsson / RÚV

Matvælaráðherra hyggst gera umfangsmiklar breytingar á reglum um hvalveiðar. Dýravelferðarfulltrúi verður að vera um borð í hvalveiðibátum til að mynda veiðar og aflífun hvala og skila til Matvælastofnunar. Næsta sumar verður eftirlitsdýralæknir að vera um borð. Svandís Svavarsdóttir matvælaráðherra segir að í ljósi dýravelferðar sé brýnt að breyta reglum.

Svandís Svavarsdóttir matvælaráðherra segir að í ljósi dýravelferðar sé brýnt að breyta reglum og tryggja að hvalir séu aflífaðir á sem skjótastan og sársaukaminnstan máta. Aðspurð segist Svandís hafa áhyggjur af að hvalveiðar geti dregið úr komu ferðamanna til Íslands. Dýravelferð sé þó það sem til matvælaráðuneytisins heyri.

Hvalir geta fundið til og þjáðst

„Þetta eru stærstu dýr jarðarinnar og stærstu dýr raunar sem hafa verið til á jörðinni nokkru sinni og eru með mjög þróað taugakerfi og geta fundið til og geta þjáðst. Þess vegna er mjög mikilvægt að aflífun þeirra sé með sambærilegum hætti og annarra dýra sem geta þjáðst. Við megum ekki samkvæmt lögum gera aðrar kröfur til aflífunar á þeim en á hinum. Þess vegna hyggst ég gera tvennt og nú þarf ég ekki lagabreytingu. Nú þarf ég ekki að fara í gegnum þingið og allt sem því fylgir,“ segir Svandís í viðtali við Morgunútvarp Rásar 2.

„Þannig að í dag birtist í samráðsgátt stjórnvalda breyting á reglugerð um hvalveiðar þar sem ég er að leggja til þá skyldu að einn úr áhöfn hvalveiðiskips verði tilnefndur dýravelferðarfulltrúi og að sá sækir námskeið sem Matvælastofnun samþykkir um velferð hvala og hvaða atriði þurfi að hafa í huga þegar þeir eru aflífaðir. Honum beri að taka upp á myndband allt ferlið frá því veiðin hefst þangað til hvalurinn er kominn upp úr bátnum. Þessum myndböndum verði síðan skilað til eftirlitsdýralækna MAST. Þannig fáum við betri

yfirsýn yfir það hvernig þetta gengur fyrir sig og hvort lög um dýravelferð séu uppfyllt. Næsta sumar hyggst ég ganga lengra og þá verði eftirlitsdýralæknar um borð í hvalveiðiskipunum sem fylgist með þessu. Þannig verði gerðar sömu kröfur til þeirra sem veiða hvali og þeirra sem slátra kúm eða kindum, að dauðdaginn sé eins skjótur og sársaukalaus og hægt er. Það skal tekið fram að óháð þessum aðgerðum sem ég er að ráðast í núna, þá eftir sem áður förum við í þessa efnahagslegu úttekt í tæka tíð til þess að meta það hvort réttmætt sé að halda þessari reglugerð áfram opinni eftir að árið 2023 er á enda,” segir Svandís.

Dýr eiga sjálfstæðan tilverurétt

Ef hvalveiðum ekki sjálfhætt með þessari reglugerðarbreytingu?

„Það vill svo til að ég skrifaði undir lög um dýravelferð, tiltölulega framsækna löggjöf, fyrir tíu árum, þá sem umhverfisráðherra, sem var þá töluverð breyting frá því sem hét dýraverndarlöggjöf yfir í dýravelferðarlög. Þar sem var farið meira yfir í það að dýrin hafi sjálfstæðan tilverurétt. Þau séu ekki bara krúttleg og skemmtileg heldur séu þau lífverur sem hafi einhvern sjálfstæðan rétt. Meira heimspekileg og siðferðileg sjónarmið. Þetta eru lífverur sem skipta máli í sjálfu sér. Við gerum því miklu meiri kröfur til sláturhúsa og bænda um að það séu mannúðlegar aðferðir þegar þarf að aflífa þessi dýr. Til þess að framleiða allt þetta kjöt sem við neytum þarf að aflífa hundruð þúsunda dýra á ári hverju. Við segjum sem samfélag að það sé réttlæt看legt því ævi dýranna sé á einhvern hátt þess virði, að því sé lifað og dauðinn sé skjótur og sársaukalaus. En við vitum ekki hvernig þetta er í hvalveiðum. Það er einfaldlega þannig. Það er um sömu dýravelferðarlög sem þar gilda en við höfum ekki sinnt því sem skyldi að tryggja það eftirlit sem þarf til að sannfæra okkur um að svo sé. Svo verður það að koma í ljós,” segir Svandís.

Ekki rætt málið í ríkisstjórn

Þú hefur nefnt það að fátt styðji hvalveiðar eftir að núverandi veiðiheimild rennur út í lok árs 2023. Er eining innan ríkisstjórnarinnar um að hætta að veiða hval þá?

„Ég hef ekki farið með sérstaka tillögu inn í ríkisstjórn um þau mál enda er þetta reglugerðarákvörðun sem er þá bara á mínu borði sem hvalamálaráðherra ef svo má segja. Þannig að þetta er ekki frumvarp eða tillaga til þess að leggja fram stjórnarfrumvarp. Í ljósi þess hve stórt málið er og pólitískt þá held ég að það sé einboðið að á einhverjum tímapunkti verði farið yfir það í ríkisstjórn þegar allar forsendur liggja fyrir, m.a. þessar dýravelferðarforsendur, efnahagslegar forsendur eins og ég er að kalla eftir, áhrif á aðrar atvinnugreinar eins og ferðaþjónustu, o.s.frv.,” segir Svandís.



Kristín Sigurðardóttir
Fréttastofa RÚV

[Senda skilaboð](#)

Aðrar fréttir

SKOÐUN



Mannúð við aflifun dýra

Svandís Svavarsdóttir skrifar · 7. júlí 2022 08:00

Like 36

Fyrir tæpum áratug mælti ég fyrir lögum um dýravelferð. Þau lög fólu í sér miklar umbætur á sviði dýravelferðarmála. Þau lög hafa það markmið að stuðla að aukinni velferð dýra, í ljósi þess að þau eru skyni gæddar verur með sjálfstæðan tilverurétt. Í kjölfar þessarar lagasetningar var ráðist í endurskoðun á öllum reglum um aðbúnað búfjár og kröfur auknar. Þessar auknu kröfur hafa kostað bændur miklar fjárfestingar. En þær stuðla að því að búfé eigi líf sem er þess virði að lifa áður en þau enda ævi sína í sláturhúsi.

Er aflifun stærstu dýra jarðarinnar mannúðleg?

Á ári hverju slátrum við hundruðum þúsunda dýra í sláturhúsum. Reglurnar miða að því að tryggja að dauðdagi þeirra sé skjótur og án þjáningar, að aflifun sé mannúðleg. En um aflifun einnar tegundar spendýra vitum við ekki nóg til að segja til um hvort að sé mannúðleg. Hvalir eru stærstu spendýr jarðarinnar og raunar stærstu dýr sem nokkru sinni hafa verið til á jörðinni. Rannsókn unnin fyrir Fiskistofu árið 2015, á aflifun 50 langreyða, bendir til að óásættanlega stór hluti hvala veiddra í atvinnuskyni heyi langdregið dauðastríð. Mikilvægt er að skera úr um þetta með því að safna betri gögnum.

Til þess að svara því hvort aflifun hvala sé mannúðleg hér á landi hyggst ég gera tvennt. Í fyrsta lagi birtist á samráðsgátt stjórnvalda drög að reglugerð sem skylda þá sem leyfi hafa til stórhvalaveiða að tilnefna einn af áhöfninni sem dýravelferðarfulltrúa. Sá þarf að sitja námskeið í velferð hvala og skila til Matvælastofnunar myndböndum af aflifun hvers einasta hvals sem veiddur er. Þau gögn sem þannig safnast munu koma til með að varpa ljósi á spurninguna hér að ofan. Í öðru lagi stefni ég að því að næsta sumar verði eftirlitsdýralæknar á hvalveiðiskipum

sem hafi eftirlit með aflifun hvalanna, þetta er sambærilegt við hlutverk eftirlitsdýralækna í sláturhúsum. Þannig verði einfaldlega gerðar sömu kröfur til þeirra sem aflífa hvali í atvinnuskyni og til þeirra sem aflífa búfé; að aflifunin sé skjót og án þjáningar. Niðurstöður þessa koma til með að hafa áhrif á það mat sem mun fara fram á efnahagslegum og samfélagslegum áhrifum hvalveiða og hvort réttlætanlegt sé að leyfa þær áfram.

Byggjum ákvarðanir á staðreyndum

Í nútímasamfélagi eru og verða mismunandi skoðanir á því hvort og í hvaða mæli við eigum að nýta okkur afurðir dýra. Ég held hins vegar að allir geti verið sammála um þau markmið sem lög um velferð dýra byggist á. Að við tryggjum að þau dýr sem við tökum ákvörðun um að heimilt sé að nýta séu aflífuð á mannúðlegan hátt. Atvinnugreinar sem ekki geta tryggt það eiga enga framtíð í nútímasamfélagi.

Höfundur er matvælaráðherra.

Dýr

Svandís Svavarsdóttir

Athugið. Vísir hvetur lesendur til að skiptast á skoðunum. Allar athugasemdir eru á ábyrgð þeirra er þær rita. Lesendur skulu halda sig við málefnalega og hófstillta umræðu og áskilur Vísir sér rétt til að fjarlægja ummæli og/eða umræðu sem fer út fyrir þau mörk. Vísir mun loka á aðgang þeirra sem tjá sig ekki undir eigin nafni eða gerast ítrekað brotlegir við ofangreindar umgengnisreglur.

Velkomin á Vísir. Þessi vefur notar vafrakökur. [Sjá nánar.](#)

;